

Menningarhúsið Berg

Leiguskilmálar fyrir viðburðahald

Menningarhúsið Berg er fögur bygging með frábærum viðburðarsal og vel búið hljóðfærum og tækjum. Húsið er því eftirsótt til tónleikahalds, sýninga og funda og því um að gera að bóka það með góðum fyrirvara.

Fundur:

Salurinn tekur allt að 180 manns í sæti en ef notuð er borð er hægt að koma fyrir rúmlega 120 manns. Að sama skapi er vel hægt að nýta salinn fyrir minni fundi og viðburði.

Í húsinu er allur grunnbúnaður sem þarf fyrir ráðstefnuhald, skjávarpi, tjald, nettengingar og einfalt hljóðkerfi fyrir ræðuhöld.

Anddyrið er rúmgott og bjart með skemmtilegu útsýni og er tilvalið fyrir móttökur og kynningar.

Myndlistarsýningar:

Menningarhúsið er lifandi og framsækin vettvangur, þar sem tækifæri gefst til að að kynnast fjölbreytileika myndlistar.

Í Menningarhúsinu Bergi er stór, hátt til lofts og vítt til veggja.

Sýningarrýmið er fjölnota. Gera má ráð fyrir viðburðum í rýminu á meðan á sýningu stendur.

Tónleikar:

Húsið er vel búið fyrir tónlistarflutning en salurinn er sérhannaður til að bera vel hljóð. Allir fletir eru harðir auk þess sem hægt er að stýra hljóði með sérstökum hljóðtjöldum.

Í húsinu er flygill sem hægt er að leigja fyrir tónleikahald.

Innifalið í leigunni á salnum er æfing fyrir flytjendur í allt að þrjár samfelldar klukkustundir og sjá flytjendur um að bóka æfingu með góðum fyrirvara hjá verkefnastjóra Bergs.

Veislur og aðrar samkomur:

Leiga á forsal og/eða veitingastað fyrir allt að 50 manna einkasamkvæmi fer í gegnum rekstraraðila veitingastaðar hússins. Þar er hægt að óska eftir tilboði í mat og/eða drykki eða afnot af borðbúnaði ásamt þrifum. Vinsamlegast hafið samband við Hólinn (Stefán) í síma 845 1563 eða formerledder@simnet.is

Frágangur og þrif:

Fjarlægja skal allan búnað strax eftir viðburð eða samkvæmt samkomulagi við við verkefnastjóra. Geymsla á búnaði er alltaf á ábyrgð leigutaka. Frágangur á sal er á ábyrgð leigutaka í samstarfi við verkefnastjóra.

STEF-gjöld:

Leigutaki skal gera grein fyrir fjölda gesta til STEF sem reiknar STEF-gjöld af tónleikum samkvæmt verðskrá og sendir tónleikahöldurum reikning samkvæmt henni: <http://stef.is/vidskiptavinir/tonleikar/>

Auglýsingar:

Allar auglýsingar eru á ábyrgð leigutaka en verkefnastjóri sér um að aðstoða við dreifingar á samfélagsmiðlum og heimasíðu Bergs. Miðasala er alfarið á ábyrgð leigutaka.

Annað:

Leigutakar þurfa að samþykkja talningu á fjölda gesta á viðburðum hjá verkefnastjóra eftir viðburði. Reikningur fyrir leigu berst um næstu mánaðarmót eftir viðburð.

Heimilt er að selja varning í anddyri fyrir og eftir viðburði. Leigutaki sér alfarið um söluna. Leyfilegt er að taka upp hljóð og mynd á tónleikum. Gæta þarf þess að allir sem koma fram á tónleikum séu samþykkir upptökum.

Leigutaki ber ábyrgð á öllu tjóni á sal eða búnaði og ber skylda að tilkynna verkefnastjóra Menningarhússins ef tjón verður á leigutímabilinu.

Bókanir:

*Eyþór Ingi Jónsson, verkefnastjóri, sér um að bóka húsið fyrir viðburði. Netfangið er berg@dalvikurbyggd.is og símanúmer 866 3393. Eftir að húsið hefur verið bókað þarf að lesa yfir og fylla út umsóknareyðublað sem má finna hér: **xxxxx**.*

Verkefnastjóri staðfestir þá bókunina.

Með því að senda inn umsókn samþykkir leigutaki skilmálana.

Gjaldskrá 2026

Leiga vegna viðburða:

Hálfur sólarhringur	40.000
Sólarhringur	75.000

Salarleiga fyrir ráðstefnur og fundi:

Hver hafinn klst.	6.200
Hálfur dagur	22.000
Heill dagur	40.000
Heil helgi	70.000

Fundaáskrift

10 fundir innifaldir á ári: 100.000

Gjaldskrá fyrir myndlistarsýningar og aðra viðburði þar sem ekki seldur aðgangur:

15% af seldum verkum

Æfingar fyrir kóra í Dalvíkurbyggð:

5.000 per skipti.

Gjaldskrá fyrir tónleika og aðra viðburði þar sem seldur er aðgangur:

15% af seldum miðum

Gera skal grein fyrir fjölda boðsgesta fyrir tónleika.

Afnot af flygli:

15.000 per viðburð

Flygill er að jafnaði stilltur 4 sinnum á ári. Sé óskað eftir sérstakri stillingu skal leigutaki standa straum af þeim kostnaði. Verkefnastjóri Bergs sér um að panta